

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík





Reykjavík 16. júní 2015
UST201505-117/B.S.
09.00

Efni: Nýtingarleyfi til öflunar á þangi og þara – Breiðafjörður. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 13. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind umsókn um leyfi til öflunar á 6.000 tonnum af þangi og þara í Breiðafirði. Lögum um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995 er ætlað m.a. að stuðla að verndun lífríkis Breiðfjarðar. Því telur Umhverfisstofnun rétt að framkvæmdaaðili tilkynni fyrirhugaða öflun á þangi og þara til Skipulagsstofnunar þannig að unnt verði að setja 6.000 tónna þangskurð í samhengi við lífríki Breiðafjarðar og jafnframt að gerð verði grein fyrir hugsanlegum samlegðaráhrifum með þeim þangskurði sem þegar er stundaður í Breiðafirði.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Lögfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun